



Ávarp stjórnarformanns

Kæru aðalfundargestir

Ég býð ykkur velkomin á aðalfund Íslandsbanka sem er haldinn hér í höfuðstöðvum bankans í Norðurtturninum í Kópavogi. Fundurinn fer fram undir nokkuð óvenjulegum kringumstæðum þar sem stór hluti fundargesta fylgist með fundinum í gegnum fjarfundarbúnað en það er gert sem varúðarráðstöfun vegna COVID 19 faraldurs. Þetta verður síðasti fundurinn minn sem stjórnarformaður bankans eftir tíu ára setu og það er óhætt að segja að hann verði nokkuð eftirminnilegur fyrir þessar sakir.

Uppgjör

Breytingar á efnahagsmálum á fyrri hluta síðast liðins árs m.a. í framhaldi af falli WOW Air sköpuðu krefjandi aðstæður og rekstrarumhverfi fyrir marga viðskiptavinum bankans. Efnahagskerfið sýndi þó viðnámsþrótt og voru hagtölur fyrir árið 2019 jákvæðari en margir bjuggust við.

Afkoma bankans á árinu 2019 var nokkuð góð og skilaði samstæðan hagnaði upp á 8,5 milljarða króna. Það samsvarar 4,8% arðsemi eiginfjár sem er undir langtímaarðsemismarkmiði bankans. Tekjur bankans jukust um 7,8% á árinu og rekstrarkostnaður fór lækkandi en líkt og á árinu 2018 hafði rekstur nokkurra dótturfélaga neikvæð áhrif á afkomu samstæðunnar.

Vöxtur inn- og útlána á árinu var kröftugur. Innlán jukust um 6,8% og útlán um 6,3% og var hlutfall lána með laskað lánshæfi 2,4% í lok árs 2019 í takti við

spár bankans. Aðstæður á fjármagnsmörkuðum, hér heima og erlendis, voru bankanum hagfelldar á árinu og var fjármögnun bankans áfram farsæl og fjölbreytt. Lausa- og eiginfjárlutföll bankans héldust því sterk og voru vel yfir innri viðmiðum og kröfum eftirlitsaðila.

Efnahagslægd framundan en staða bankans er traust

Traust staða Íslandsbanka er sérstaklega mikilvæg nú þegar hagkerfinu hefur verið reitt þungt högg af COVID 19 faraldrinum og þeim efnahagsáhrifum sem aðgerðir gegn útbreiðslu veirunnar hafa óhjákvæmilega í för með sér næsta kastið. Fyrir lítið opið hagkerfi með stóran ferðapjónustugeira fara nú í hönd tímar sem munu reyna mjög á hagkerfið. Hætt er við að bæði heimili og fyrirtæki verði mörg hver tímabundið fyrir verulegum búsifjum. Góðu heilli eru opinberir aðilar, fjármálageirinn, fyrirtækin og heimilin í landinu almennt tiltölulega vel undir slíkt högg búin. Þeir lærdómar sem dregin voru af brotlendingu hagkerfisins fyrir áratug koma sér vel nú. Opinberir aðilar hafa þegar tekið mikilvæg skref til þess að milda efnahagsskellinn. Ákvörðun fjármálastöðugleikaneftar í gær um að afnema sveiflujöfnunaraukann í tvö ár er mikilvægt framlag til að styrkja stöðu viðskiptabankanna til að bregðast við vanda fyrirtækja og almennings í yfirstandandi erfiðleikum. Sömu leiðis lýsir ákvörðun peningastefnuneftar að lækka stýrivexti Seðlabankans um 0,5% ásetningi bankans um að beita tækjum hans í sama skyni. Þessu til viðbótar

mætti slaka enn meira á lausafjárkvöðum viðskiptabankanna til að veita þeim meira svigrúm til að styðja við efnahagslífið.

Íslensku bankarnir búa við talsvert hærri eiginfjárröfur en erlendir bankar. Í því sambandi hefur verið bent á að við innleiðingu á svokölluðum kerfisáhættuauka hafi verið tekin íþyngjandi ákvörðun hér á landi og framkvæmdin samræmist ekki því sem gerist meðal annarra Evrópuþjóða. Án þess að fara of djúpt í tæknilegar útskýringar þá mætti með einföldum hætti lækka heildarkröfu um eiginfjárbörf íslensku bankanna um tæplega tvö prósentustig, ef sömu aðferðum væri beitt hér á landi. Slík aðgerð gæti losað 15 milljarða króna hjá Íslandsbanka og aukið útlánagetu hans verulega. Ljóst er að með því myndi samkeppnisgrunnur íslensku bankanna styrkjast og hægt væri að styðja betur við atvinnulífið nú á erfiðleikatímum.

Þörf á meiri fjárfestingu í efnahagslífinu

Vonast er til að COVID 19 faraldurinn gangi yfir á nokkrum mánuðum. Í framhaldi af því mun atvinnulífið braggast á nýjan leik, þótt það geti tekið nokkurn tíma að komast í viðunandi horf. Þá þurfum við að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið. Á Íslandi eru miklir framtíðarmöguleikar. Við getum verið stolt af þeirri virðissköpun sem hefur átt sér stað á undanförunum árum tengdri orku, ferðapjónustu, sjávarútvegi og nýsköpun. En betur má ef duga skal. Nauðsynlegt er að skapa skilyrði fyrir því að hér þrífist fjölbreytt atvinnulíf sem byggir á

nýsköpun og íslensku hugviti. Til þess að slíkt megi verða þarf að tryggja að nægt fjármagn sé í boði fyrir arðsamar fjárfestingar.

Á undanförunum árum hafa lífeyrissjóðirnir nánast verið einu virku fjárfestarnir á fjármálamarkaði hér á landi. Í hvítbók ríkisstjórnarinnar um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið er bent á að það sé nauðsynlegt að fá fleiri aðila að borðinu til að efla virkni fjármálamarkaða. Þar koma fram áhugaverðar tillögur um hvernig hægt sé að gera slíkt, t.a.m. með því að auka frelsi einstaklinga til viðbótarlífeyrissparnaðar eins og þekkist víða erlendis. Mikilvægt er að stjórnvöld og atvinnulífið fylgi eftir þeim tillögum sem birtast í hvítbókinni til að efla íslenskan fjármálamarkað. Fjárfestingar er einnig þörf til að tryggja frekari uppbyggingu á innviðum samfélagsins. Hvorki er nauðsynlegt né æskilegt að ríkið standi eitt í því að fjármagna þau fjölmörgu innviðaverkefni sem þörf er á að ráðast í. Hér væri áhugavert að skoða frekari möguleika á tengingu á milli opinbers- og einkafjármagns líkt og gert var við gerð og rekstur Hvalfjarðarganganna á sínum tíma. Slíkt hefur gefist ágætlega í nágrannalöndum okkar.

Háir skattir og vaxandi samkeppni

Á þeim tíu árum sem liðin eru frá því að ég tók við sem stjórnarformaður Íslandsbanka hefur orðið gríðarleg breyting á íslensku fjármálakerfi.

Fyrir það fyrsta, er kerfið miklu minna en á árunum fyrir hrun enda er nánast öll starfsemi íslensku viðskiptabankanna á innanlandsmarkaði. Allri áhættu innan bankanna er mun betur stýrt en áður og hefur samstarf við Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann verið með ágætum. Þetta samstarf hefur styrkt áhætturamma bankans og treyst varnir hans

gegn peningapvætti svo eitthvað sé nefnt. Þá hefur töluvert verið fjárfest í stafrænni tækni á þessum tíma. Það hefur leitt af sér aukna sjálfvirkni og einfaldari ferla og þannig hjálpað til við að bæta reksturinn og auka öryggi.

Í annan stað hafa orðið miklar breytingar á samkeppnisumhverfinu með tilkomu fjártæknifyrirtækja og annarra markaðsaðila. Það er mikilvægt að bankarnir bregðist hratt við þessum breyttu ytri aðstæðum til að verða ekki undir í samkeppninni. Ekki má gleyma að ein af grunnforsendum þess að reksturinn gangi vel er að tryggja að viðskiptavinir og almenningur hafi trú og traust á bankanum og það hefur verið eitt af höfuðmarkmiðum okkar á undanförunum árum.

Það var jákvætt skref að Alþingi samþykkti á árinu 2019 lækkun á bankaskattinum í 0,145% á nokkrum árum. Það nægir þó engan veginn, því að þrátt fyrir þetta verða skattar á íslenska banka enn um fimm sinnum hærri en í nágrannalöndunum í stað sjö sinnum hærri líkt og þeir voru fyrir lækkunina. Þessi lækkun ætti að mínu viti að taka gildi strax í ljósi stöðunnar í dag. Í áðurnefndri hvítbók er einnig rætt um að fyrirhugaðar lagabreytingar og stofnun sérstaks skilasjóðs sé tækifæri fyrir stjórnvöld til að endurskoða sértæka skatta og opinber gjöld á fjármálamarkaði heildstætt. Mikilvægt er að horfa til framtíðar og leggja áherslu á eðlilega og sanngjarna álagningu til að byggja upp sjóði sem styrkja stöðir fjármálakerfisins og geta brugðist við áföllum í framtíðinni eins og Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta og skilasjóði er ætlað að gera. Ekki er hyggilegt að auka við þær miklu álögur sem lagðar hafa verið á íslensku bankana á undanförunum árum.

Á sama tíma og verið er að skattleggja íslensku bankana sérstaklega eru alþjóðleg fyrirtæki eins og Google, Facebook, Apple og Amazon að útvíkka starfsemi sína þar á meðal í bankastarfsemi. Þessi fyrirtæki borga enga skatta á Íslandi og eru að taka tekjur frá íslenskum fyrirtækjum án þess að borga neitt á móti.

Aukin áhersla á sjálfbærni er fjárfesting til framtíðar

Stjórn bankans hefur haldið 22 fundi frá síðasta aðalfundi og á sama tíma hafa verið haldnir 23 fundir í undirnefndum stjórnar. Starf stjórnarinnar hefur verið með hefðbundnum hætti, en þó skal minnst á nokkra þætti sérstaklega.

Í kjölfar þeirrar stefnumörkunar sem unnin var á síðasta ári með ráðgjafarfyrtækinu Boston Consulting Group hefur innleiðing stefnu og lykilverkefna bankans á sviði stafrænnar þróunar og sjálfbærni verið áberandi á árinu.

Í lok árs 2019 samþykkti stjórn Íslandsbanka nýja sjálfbærnistefnu fyrir bankann. Það var mikilvægur áfangi. Í stefnunni er lögð áhersla á samþættingu sjálfbærnisjónarmiða í starfsemi bankans til viðbótar við arðsemismarkmið og önnur fjárhagsleg markmið. Stefnan er sett fram til að mæta kröfum hagaðila um aðgerðir á sviði sjálfbærni og er í samræmi við eigendastefnu ríkisins og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Með þessu vill bankinn verða leiðandi á sviði sjálfbærrar þróunar og hreyfiafl til góðra verka í samfélaginu.

Stjórnin hefur jafnframt unnið að því að bæta áhættumenningu í bankanum en skoðun og mat á hvers kyns áhættuþáttum er undirstöðuatriði í

rekstri bankans. Þá gegnir stjórn veigamiklu hlutverki við undirbúning fimm ára viðskiptaáætlunar, sem er grunnur ICAAP skýrslu um mat á eiginfjárförf bankans. Þetta hefur verið gert í samvinnu við áhættustýringu bankans og Fjármálaeftirlitið og er stór hluti af verkefnum stjórna fjármála fyrirtækja.

Stjórnin lagði ennfremur áherslu á þróun endurbótaáætlunar fyrir bankann þar sem áfallasviðsmyndir eru dregnar upp og viðbrögð bankans til að draga úr áhrifum áfallanna eru metin. Þessar sviðsmyndir hafa komið að góðu gagni þegar meta þarf aðgerðir vegna efnahagsafleiðinga COVID 19 faraldursins.

Tillögur til aðalfundar

Fyrir þessum fundi liggja tillögur í samræmi við hlutfélagalög og lög um fjármála fyrirtæki.

Í fyrsta lagi leggur stjórn bankans til að ekki verði greiddur arður til hluthafa vegna ársins 2019 í ljósi óvissu af völdum fordæmalausra aðstæðna á fjármálamörkuðum. Þetta er gert þrátt fyrir langtímastefnu bankans um 40-50% arðgreiðsluhlutfall en stjórnin óskar eftir heimild aðalfundar til þess að kalla til sérstaks hluthafafundar síðar á árinu þar sem tillaga um greiðslu arðs af hagnaði fyrri rekstrarára kann að vera lögð fram.

Í öðru lagi gerir Bankasýsla ríkisins, sem fer með eignarhlut ríkisins í bankanum, þá tillögu að eftirtaldir verði kjörnir í stjórn bankans til næsta aðalfundar:

Aðalmenn: _____ :
Hallgrímur Snorrason
Heiðrún Jónsdóttir

Anna Þórðardóttir
Árni Stefánsson
Flóki Halldórsson
Frosti Ólafsson
Guðrún Þorgeirsdóttir

Varamenn

Herdís Gunnarsdóttir
Óskar Jósefsson

Jafnframt er lagt til að Hallgrímur Snorrason verði kjörinn formaður stjórnar.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um að aðalfundur samþykki að Ernst & Young verði endurskoðunarfélag bankans.

Í fjórða lagi er lagt til að aðalfundur Íslandsbanka samþykki að laun til stjórnarmanna verði kr. 420.000 á mánuði, laun til stjórnarformanns verði kr. 735.000 á mánuði og laun til varaformanns verði kr. 525.000 á mánuði. Því til viðbótar skuli greiða stjórnarmönnum kr. 210.000 á mánuði fyrir þátttöku í starfi undirnefnda stjórnar en auk þess fái formenn undirnefnda stjórnar greiddar kr. 30.000 á mánuði.

Laun varamanns í stjórn verði kr. 210.000 fyrir hvern setinn stjórnarfund eða fund með Fjármálaeftirlitinu um hæfismat en þó aldrei hærri en laun aðalmanns innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal nema að lágmarki kr. 420.000 á ári. Allar þessar fjárhæðir eru óbreyttar frá síðasta ári.

Loks er lagt til að aðalfundur samþykki starfskjara-
stefnu bankans í samræmi við hjálagða tillögu. Starfskjarastefnan er birt opinberlega og liggur frammi á fundinum og er hún efnislega óbreytt frá fyrra ári.

Þakkir og óskir

Á þessum aðalfundi gefa þrír stjórnarmenn ekki kost á sér til endurkjörs. Auk mín eru það Auður Finnbogadóttir, sem hefur setið í stjórninni undanfarin fjögur ár, og Tómas Már Sigurðsson, sem verið hefur varaformaður stjórnar s.l. starfsár. Fyrir hönd okkar þriggja vil ég þakka samstjórnarfólki okkar fyrir ánægjulegt samstarf. Þá vil ég fyrir hönd fráfaraandi stjórnar þakka öllum þeim, sem Íslandsbanki hefur átt samstarf við á árinu. Sérstaklega vil ég nefna Bankasýsluna, sem fer með eignarhaldið. Ennfremur vil ég þakka starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans og starfsmönnum Ernst og Young, sem eru ytri endurskoðendur bankans. Viðskiptamönnum þakka ég tryggð og traust. Fyrir hönd fráfaraandi stjórnar flyt ég starfsmönnum og stjórnendum bestu þakki fyrir metnaðarfullt og árangursríkt starf. Einkum þökkum við Birnu Einarsdóttur bankastjóra fyrir frábært samstarf, en hún hefur verið óþreytandi og öflugur leiðtogi í daglegu starfi bankans. Persónulega þakka ég Birnu fyrir gefandi og skemmtilegt samstarf í áratug.

Ég er þakklátur fyrir þann tíma sem ég hef starfað sem stjórnarformaður bankans. Ég hef kynnst mörgu afbragðsfólki innan bankans og í stjórn hans. Framundan eru spennandi en um leið krefjandi tímar. Ég er þess fullviss að öflugir stjórnendur og hæfileikaríkt starfsfólk bankans muni tryggja hag hans á næstu árum og að bankinn muni njóta góðs af fjárfestingum sínum í nýrri tækni, ábyrgri stefnu og góðri þjónustu við viðskiptavini.

Ég óska nýrri stjórn og nýjum stjórnarformanni velfarnaðar í störfum sínum og ég hlakka til að fylgjast með framgangi bankans á næstu árum.